

# EYSTRAHORN

42.tbl. 41. árgangur

7. desember 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Mynd: Haukur Þorvaldsson

# AÐVENTAN – TÍMI ÖRLÆTIS OG KÆRLEIKA



Nú er aðventan gengin í garð. Fyrir flest okkar eru jólin tími fyrir fjölskyldu vini og hefðir. Fallegar skreytingar, eftirvænting og tilhlökkun. En jólin eru líka erfiður tími fyrir marga. Sumir finna fyrir einmanaleika, enda hafa ekki allir nána vini eða fjölskyldu til að eyða jólnum með. Þá er einnig algengt að fólk finni meira fyrir sorginni á jólnum. Hátíðartímabilið getur aukið á tilfinningar sorgar fyrir þá sem misst hafa ástvin eða lent í áfalli.

Brýstingur á að kaupa og gefa gjafir, skreyta í kringum sig og taka þátt í hátíðarviðburðum, getur leitt til fjárhagslegrar streitu fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur. Sumt fólk finnur líka fyrir spennu sem gerir hátíðina að uppsprettu streitu frekar en gleði. Þá geta einstaklingar sem takast á við geðheilbrigðisvandamál fundist jólahátíðin mjög krefjandi tími.

Það er mikilvægt fyrir okkur öll að hafa í huga að ekki allir upplifa jólahátíðina á sama hátt. Við eigum að mæta jólnum með opnum huga og vera tilbúin að sýna stuðning, skilning og samkennd – það getur skipt verulegu máli fyrir þá sem finnst hátíðarnar erfiðar.

Við finnum öll fyrir því, á þessum skráttu tímum sem við lifum, hversu heppin

við erum að lifa við þann frið og velmegun, sem við njótum hér á Íslandi. Stríð, ofbeldi og óvissa er veruleiki allt of margra í heiminum. Það er í raun auðmýkjandi áminning um þær miklu blessanir sem við tökum oft sem sjálfsögðum hlut, að búa við öryggi og frið.

En innan um tindrandi ljós og hátíðargleði, er ekki hægt annað en að minnast á hina raunverulegu merkingu jólanna – vonina og kærleikann. Von, sem

skín skært, jafnvel á dimmustu tímum, og kærleikann sem bindur okkur saman. Mér finnst gott að eiga trú. Mín trú er ákvörðun, ákvörðun sem ég tók á mínum fullorðins árum. Ég ofhugsa ekki mína trú, né reyni að útskýra hana sérstaklega. Og þó ég hafi ekki mikla þörf fyrir að tala um hana, er mín trú í raun hornsteinn að því hver ég er og hvernig ég nálgast lífið. Hún minnir mig á að vera þakklátur og auðmjúkur fyrir mínum forréttindum sem ekki eru sjálfsögð.

Hér í Hornafirði er staðan góð. Mikil fjárfesting er fram undan í atvinnulífinu, og þegar atvinnulífið blómstrar – blómstar mannlífið með. Nýtt hverfi á Höfn fer í auglýsingu fljótlega og við finnum fyrir miklum áhuga á lóðum, sem er okkur gleðiefni.

Okkur er að fjölga nokkuð hratt. Við erum orðin 2.650 í dag og það er athyglisvert að sjá, að núna er meira en 30% íbúa sveitarfélagsins, með erlent ríkisfang. Þetta er áskorun og minnir okkur á það sem kom fram fyrir í þessum texta, nefnilega skilning og samkennd. Samfélagið okkar er að breytast og við eigum vinna með breytingunni, líta á hana sem tækifæri og horfa björtum augum fram á veginn.

Ég þreystist ekki á að dásama náttúruferðir sem er hérna allt í

kringum okkur, feður sem á sér engan líka. Á laugardaginn var ég svo heppinn að fá að slást í för með ferðaþjónustufyrirtæki hér á svæðinu. Við fórum út á fjörur og upp að jökli. Það er alltaf jafn skemmtilegt að fylgjast með hrifnæmu ferðafólkinu sem sýpur hveljur yfir stórbrotnum fjöllum, jöklum og dýralífinu í Hornafirði – allt saman hérna steinsnar frá okkur, mögnuð lífsgæði!

Nú þegar aðventan gengur í garð er gott staldra við. Staldra við og muna hvaðan við komum og hversu langt við sem þjóð, erum komin á skömmum tíma. Eiginkonan mín les Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson á hverjum jólu, en bókin gerist fyrir aðeins tæpum eitt hundrað árum. Sagan segir frá eftir-leitum Benedikts um snævi þakin öræfi norður í landi. Þar er hann með hundi sínum Leó og forystusauðnum Eitli. Sagan minnir okkur á þrautseigju þeirra sem á undan okkur komu, og nauðsyn þess að viðurkenna gildi og reisn allra manna og málleysingja sem á vegi okkar verða. Þannig getum við, hvert og eitt, skapað áhrif góðvildar og kærleika sem nær lengra en við sjálf gerum okkur oft grein fyrir. Gleðilega aðventu.

*Sigurjón Andrússon bæjarstjóri*



## SKARTGRIPIR.

Glæsilegt úrval af skartgripum, aldrei verið meira úrval.

Sjón er sögu ríkari

opið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Höfum opið á laugardögum fram að jólu frá kl. 13:00-15:00.

Hlökkum til að sjá ykkur



# KIWANISKLÚBBURINN ÓS VINNUR FYRST OG FREMST FYRIR BÖRNIN



Nú er vetur genginn í garð og annamesti tími í starfinu hjá Kiwanisklúbbnum Ós er fram undan. Þegar desember og jólin nálgast er komið að einni af mikilvægustu fjáröflunum hjá Ós en það er að selja jólatré. Söfnunarféð er notað til að bæta samfélagið og gera það betra fyrir börnin okkar en Kiwanishreyfingin hefur það að markmiði sínu hjálpa börnum í heimabyggð og reyndar í heiminum öllum.

Fyrir jólin seljum við jólatré, friðarkerti og jóladót í skólinn sem er nýlegt verkefni en ágóði af því mun fara í verkefni með

samráði við Grunnskóla Hornafjarðar. Við þökkum þeim fyrirtækjum sem komið hafa verkefninu með auglýsingum á jólaskókassann. Jólatrén verða seld í Jólaborpi Kiwanis sem haldið er í annað sinn og verður það nú staðsett milli Nýheima og ráðhússins. Þar verða einnig sölubásar ýmissa góðgerðarsamtaka. Þetta fyrirkomulag var fyrst reynt á síðasta ári og gekk ljómandi vel. Því vonumst við til að það gangi eins vel eins og fyrir jólin 2022.

Opnunartími Jólaborps Kiwanis á Höfn er eftirfarandi:

Laugardaginn 9. desember frá kl. 13:00-16:00

Sunnudaginn 10. desember frá kl. 13:00-16:00

Föstudaginn 15. desember frá kl. 17:00-19:00

Laugardaginn 16. desember er opið frá kl. 13:00-16:00

Sunnudaginn 17. desember er opið frá kl. 13:00-16:00

Dagana 18. til 22. desember er opið frá kl. 17:00-19:00 og á

Þorláksmessu 23. desember frá kl. 14:00-19:00


Við viljum sérstaklega að þakka fyrirtækjunum; Mikael, Þingvaði, Flytjanda, Ajtel, Martölvunni, Hans Christensen, Nettó, Húsasmiðjunni, Skinney-Þinganesi sem og öllum klúbbfélögum sem leggja hönd á plóg við uppsetningu Jólaborpsins, þökkun á jólaskókóssum, skreytingu jólatrjáa, styrktarauglýsingar á jólaskókóssum og síðast en ekki síst þá sem tóku þátt í skógarhöggi í Hoffelli og Steinadal og skreytingu jólatrjáa til fyrirtækja. Skógræktarfélag Suðursveitar hefur haft veg og vanda að skógrækt í Steinadal og þökkum við þeim fyrir að leyfa okkur að

höggva þar stafafuru. Þá má ekki heldur gleyma Þrúðmari í Miðfelli sem velur öll fallegu stór jólatrén í skógræktinni þar fyrir okkur en bæjartréð kemur úr Hallormsstaðaskógi.

Ós styrkir nú fyrir jólin um hálf milljón gegnum Samfélagssjóð Hornafjarðar með Nettó inneignarkortum í samstarfi við Nettó. Það væri ekki væri hægt nema vegna góðvildar og hugulsemi Hornfirðinga í garð náungans. Ýmislegt annað höfum við styrkt sem ekki verður nefnt sérstaklega og á næsta ári mun Kiwanishreyfingin sérstaklega styrkja Einstök börn og stefnir Ós á að styrkja kr 3500 á hvern féлага til Einstakra barna á næsta ári. Styrkir hjá Ós er á hverju ári um milljón krónur.

Núverandi forseti er Kristjón Elvar Elvarsson og hefur hann þegar tekið inn þrjá nýja féлага á nýju starfsári sem hófst í september. Tveir af nýju félögum eru fæddir 2001 og er mikilvægt að fá inn unga og dugmikla einstaklinga í hreyfinguna. Við vonumst fleiri bætist í hópinn á næstunni. Þá er í gangi vinna við að stofna kvennaklúbb með henni Eyrúnu Ævarsdóttir en hún er forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Eyrún hefur netfangið eyrun@kiwanis.is og fjölgunartengill hjá Ós er Sigurður Einar með netfangið seinars@kiwanis.is ef áhugi er að vera með. Fésbókarhópurinn Konur í Kiwanis Hornafirði heldur utan um áhugasamar konur hér á svæðinu. Fjáröflun okkar heldur svo áfram á nýju ári og þegar hefur verið ákveðið að þann 9. mars verði haldin veisla sem við köllum í dag G-veisla. Þar verður boðið upp á fremur óhefðbundinn mat sem mörgum þykir þó ómótstæðilegt góðgæti. G-veislan verður auglýst þegar nær dregur.

*Með Kiwaniskveðju, stjórn  
Kiwanisklúbbsins Óss*



## PLASTÚRA VOL I

Plastúra Vol. I er nýstárleg sýning eftir listakonuna Ragnheiði Sigurðar Bjarnarson sem opnuð verður í Stúkusalnum í Miklagarði, klukkan 13:00 þann 9. desember næstkomandi. Opið verður eftir samkomulagi við listakonuna fram til 30. desember. Nánari opnunartími verður á FB-viðburðinum: Plastúra Vol. I.

Sýningin blandar saman lífrænum og plastefnum til að skapa nýtt lífríki, í eftir-náttúrlegu umhverfi (post-natural environment). Sýningin miðar að því að kanna hið flókna samlíf og sambland milli náttúru og mannkyns og býður áhorfendum að íhuga áhrif okkar í að móta heiminn sem við búum í og þróun lífs eftir okkar tíma.

Sýningin Plastúra Vol. I býður áhorfendum upplifun sem ögrar hefðbundnum listrænum mörkum og vekur upp umræðu um framtíð plánetunnar okkar, sem hvetur okkur til að hugsa út í ákvarðanir sem við tökum frá degi til dags og áhrifin sem þau hafa á viðkvæmt jafnvægi vistkerfis okkar.

Með samruna listar og umhverfismeðvitundar býður Plastúra Vol. I upp á einstakt tækifæri til að takast á við brýn málefni samtímans og að íhuga þá möguleika sem framundan eru.

Plastúra Vol. I er styrkt af Uppbyggingarsjóð Suðurlands og Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

# STARFSHÓPUR UM LEIKSKÓLAMÁL - AÐ TRYGGJA FARSÆLD BARNNA OG FJÖLSKYLDNA

„Við erum nú hálfri öld frá þeim stað þegar konur áttu ekkert val eftir að barn var komið í heiminn. Barátta okkar endaði hins vegar í hinum öfgunum, ekkert val nema senda barn að heiman og fara sjálf í vinnuna, vinnu sem er ekki alltaf vel launuð og spennandi þótt sé sárt að viðurkenna það. Áfram gakk, elsku fólk! Tökum nú næstu hálfa öld í nýjum takti og í liði með börnum“.

Úr erindi Sunnu Kristínar Símonardóttur doktors í félagsfræði 23. nóv. 2023

Ofangreind tilvitnun er kannski lýsandi fyrir það verkefni sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í leikskólamálum. Á 50 árum höfum við farið úr því að hafa fáa leikskóla með stuttan vistunartíma yfir í fjölda leikskóla með langan opnunartíma og ætlast er til að öll börn komist að við 12 mánaða aldur. Þetta gerðist í kjölfar þess að konur fóru í auknum mæli út á vinnumarkaðinn en aukin atvinnuþátttaka kvenna er ein grunnforsenda þess að á síðustu 100 árum hefur þjóðin farið frá því að vera meðal fátækustu þjóða heims yfir í að vera meðal ríkustu. Þessar samfélagsbreytingar hafa ekki verið átakalausar og enn erum við að vinna að bestu útgáfunni af því samfélagi sem við viljum búa í. Samfélagi þar sem jöfnuðir ríkir og allir fá notið hæfileika sinna.

Samfélagi þar sem börn og fullorðnir ná að uppfylla þarfir sínar í sátt við umhverfið og án þess að ganga á þarfir annarra. Hlutverk starfshóps um leikskólamál er að vinna að því að bæta samfélagið með því að styðja við og styrkja leikskólustarf með farsæld barna og fjölskyldna í huga samhliða vellíðan og ánægju starfsmanna. Starfshópurinn hóf störf í byrjun september og er honum ætlað að skila tillögum og ljúka störfum 1. febrúar 2024. Verkefni starfshópsins er að skoða stefnu sveitarfélagsins í málefnum leikskólans almennt með menntastefnu Hornafjarðar til hliðsjónar. Horft er sérstaklega til þátta sem snúa að aðbúnaði og kjörum starfsfólks sem geti komið til móts við mönnunarvanda sem leikskólinn hefur staðið frammi fyrir. Auk þess er horft til þess hvernig megi efla menntunarstig starfsfólks og styrkja þannig leikskólustarfið.

Hópurinn sem hefur fundað sjö sinnum það sem af er hefur m.a. kynnt sér hvað önnur sveitarfélög eru að gera varðandi sín leikskólamál. Leikskólafulltrúi Hafnarfjarðar var t.a.m. með erindi fyrir hópinn og fyrr í haust var fulltrúum boðið að hlýða á erindi frá Kópavogsbæ, Reykjavík og Vestmannaeyjum. Fjöldmörg mál hafa komið til umræðu og vonandi

eiga þær tillögur sem fram koma eftir að hafa jákvæð áhrif.

Við erum í hringiðu samfélagsbreytinga þar sem fjöldmörg öfl togast á. Efnahags- og atvinnumál, umhverfismál, geðrækt, heilsuefling, fjölskyldan og ótal fleiri. Þessi öfl togast á um líf okkar og reyna að hafa áhrif á gildi okkar. Markmiðið sveitarfélagsins er þó ávallt að tryggja farsæld barna og fjölskyldna. Leiðir til að ná þessum markmiðum eru ekki endilega augljósar og togkraftar hinna ólíka aflla hafa þar áhrif. En meðan við erum í hringiðunni og reynum að finna leið sem hentar öllum, sérstaklega börnum er mikilvægt að sýna foreldrum, börnum og leikskólustarfsfólki mildi og skilning. Það eru allir að reyna að gera sitt besta við þurfum öll að hjálpast að.

Í starfshóp um leikskólamál sitja fyrir hönd sveitarstjórnar Þóra Björg Gísladóttir, Kristján Örn Ebenezarson og Gunnhildur Imsland. Kolbrún Rós Björgvinsdóttir er fulltrúi foreldra, Marianna Jónsdóttir fulltrúi stjórnenda á leikskólanum og Svava Kristín Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna. Þórgunnur Torfadóttir er starfsmaður hópsins. Auk þess hefur foreldraráð leikskólans verið í virku samráði við starfshópinn.

Þórgunnur Torfadóttir  
Sviðsstjóri fræðslu- og fristundasviðs  
Hornafjarðar

## STYRJÖLD



### ÞORVALDUR ÞUSAR

Nú geysar enn ein styrjöldin fyrir botni Miðjarðarhafs. Upphaf þessara miklu hörmunga er þegar Hamas samtökin gera eldflauga árás á Ísrael og drepa fjölda

saklausa borgara og taka gísla. Í hópi gíslanna eru meðal annars börn, konur og aldraðir.

Hamas-samtökin eru stærstu samtök vopnaðra íslamista í Palestínu. Samtökin voru stofnuð seint á níunda áratugnum, í kjölfar fyrstu uppreisnar Palestínumanna gegn Ísraelum í desember 1987. Uppruna samtakanna má rekja til palestínska klerksins og trúarleiðtogans Ahmed Yassin. Þessi samtök eiga sér ekkert til málsbóta, jafnvel þó þessu þjóðarbroti hafi verið haldið í gettói þ.e.a.s. á Gasa. Líkt og Gyðingar máttu búa við í gettóinu í Varsjá í seinni heimstyrjöldinni!

Viðbrögð stjórnar Ísraels hafa verið og eru hörð. Ísrael hefur rétt til að verja sig fyrir árásum. Undir þetta taka margar þjóðir heims. Leiðtogar vestrænna ríkja standa á hliðarlínunni og líta ástandið alvarlegum augum. Þeir keppast við að heimsækja Ísrael og láta mynda sig með forsætisráðherra Ísraelsríkis. Hann segir umbúðalaust að markmiðið sé að útrýma

Hamas. Með öðrum orðum drepa þetta þjóðarbrot. Stríðið er ekki varnar stríð heldur árásarstríð. Gerðar eru harðar loftárásir á skóla, flóttamannabúdir, íbúðahverfi og sjúkrahús. Mannfallið er hrikalegt. Nokkur þúsund börn liggja í valnum auk þúsunda saklausa borgara. Alþjóða lög og samningar eru brotin á báða bóga.

Þusarinn heimsótti Auschwitz-Birkenau fyrir nokkrum misserum. Það var átakanlegra en orð fá lýst. Þarna var helvíti á jörðu. Mér varð ljóst að það eru engin takmörk á vonsku mannsins. Gyðingar voru drepnir í milljónatali og tæp ein milljón Pólverja svo dæmi séu tekin.

En getur verið að það sé sannleikskorn í því að nú hafi helvíti á jörðu færst til Gasa og nú séu Gyðingar í hlutverki böðulsins? Ef til vill á ég eftir að þusa meira um þetta svívirðilega stríð.

Kveðja Þorvaldur þusari



# ORÐALEIT

- SUNNANMAÐUR
- KORR
- SOJAOLÍA
- BOÐGANGA
- SKILABOÐ
- FRÁÖNDUN
- NÝJUNG
- GLEÐITÍÐINDI
- NÝMJÓLK
- LANGATÖNG

 Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

 MENNINGARMÍÐSTÖÐ  
HORNAFJARÐAR

## Menningarverðlaun 2024

Atvinnu og menningarmálanefnd óskar eftir tillögum að verðlaunahafa menningarverðlauna sveitarfélagsins 2024 fyrir árið 2023

Verðlaunin eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrri eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar árið 2023. Hlutverk verðlaunanna er að vera almenn hvatning til eflingar menningar og listastarfs í sveitarfélaginu.

Frestur til tilnefningar er 15. febrúar 2024 og sendist tilnefningin ásamt rökstuðningi á:  
[eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is)

Eyrún Helga Ævarsdóttir  
Forstöðumaður  
Menningarmiðstöð Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# Aðventuspjall í Sjallanum

Fimmtudaginn 7. desember  
kl 20:00

Kirkjubraut 3 - Höfn  
Smákökur og fleira gott með kaffinu  
Verið velkomi



# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Dönsk Sítrónuterta*

*eftir Elínu Freyju Hauksdóttur og Baldvin Svafar Guðlaugsson.*

Þessi er í miklu uppáhaldi hjá okkur hjónunum og þeim gestum sem hafa fengið hana hjá okkur. Hún er góð köld með rjóma, en líka rosalega góð beint úr ofninum með vanilluís. Við skorum svo á matgæðingana Kristínu Ármanns og Kalla Guðna.



### Hráefni

#### Botn

125 gr. smjör  
125 gr. hveiti  
50 gr. flórsykur  
300gr mjúkt smjörlíki

#### Fylling

2 egg  
200 gr sykur  
Sítróna

### Aðferð

Hnoðið saman 125g af linu smjöri, 125g af hveiti og 50g af flórsykri. Mótið í botninn á tertuformi og reynið að draga aðeins upp á barmana. Geymið í ísskáp amk klukkustund áður en botninn er bakaður. Botninn er bakaður í 10 mín á 175°C með blæstri.

Næst skal gera fyllinguna. Þeytið saman 2 egg og 200g sykur. Bætið við safu og börk af einni sítrónu, mæli með lífrænt ræktaðri því við erum að nýta börkinn. Til að þykkja blönduna er sett 15 g af hveiti út í. Hrært vel, og það er í lagi að þetta sé svolítið þunnt. Fyllingunni er hellt yfir botninn og allt saman bakað í ofni með blæstri á 150°C í 30 mínútur.

Svo er bara að njóta.

### Aðventustund í Hofskirkju

Föstudaginn 8. desember kl. 11:00

Börn í Leik- og Grunnskólanum í Hofgarði taka þátt  
Verið hjartanlega velkomín



## FMS HORNAFIRÐI

Leitar eftir starfsmanni í 100 % starf.

Lyftarapróf og tölvukunnátta er kostur en ekki skilyrði.

Allar frekari upplýsingar veitir Ingvar í síma 8242407 eða Ingvar@fms.is



## SPURNING VIKUNNAR

*Hvað er mottóið þitt?*



**Rúnar Þór Gestsson**

Lífið er of stutt fyrir svarta sokka



**Valgerður Leifsdóttir**

Að láta sér og öllum í kringum sig líða sem best.



**Ásmundur Sigfússon**

Að lifa lífinu



**Helga Vignisdóttir**

Að gera betur í dag en í gær

Á Þorláksmessukvöld, 23. desember, ætla Björg Blöndal og Þorkell Ragnar að stíga á svið og halda uppi jólastemningu á Hafinu með ljúfum jólatónum og tilheyrandi huggulegheitum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21:30 og miðaverð er 2000 kr. Tilvalin afþreying til að koma sér í hátíðargírinn og gleyma jólastressinu um stund!

Vonumst til að sjá sem flesta.

**Þorláksmessutónleikar á Hafinu**



**Lifandi Vatn**  
Lífandi Vatn með lífandi heilbrigði

**Dagskrá vikunnar**

**Almennar samkomur**  
sunnudaga klukkan 13:00

**Bænastundir**  
fimmtudaga klukkan 19:30

VÍÐ HÖKKUM TIL AÐ SJA ÞIG.

Jesús segir:  
Ei nokkurn þyrstir þá komi hann til mín og drekki. Því ljúta Jesús sem líur á mig munu renna þakar lándi vatns

Facebook Instagram

Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

**Almennur Opnunartími Fab Lab**

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00  
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss síndriom@hornafjordur.is / sími: 470-8475

**FABLAB HORNAFJÖRDUR**

**VÖRUHÚSIÐ**  
ÞEJJA SKAFAÐI GÆRNA A HORNAPREI

**BEINT FLUG**  
**EGILSSTAÐIR - KRAKOW**  
17.-20. OKTOBER

Flugið að morgni frá Egilsstöðum og að kvöldi frá Krakow.

Kraká er fallegasta borg Póllands, miðaldaborg sem má rekja aftur til 7. aldar og var höfuðborg Póllands í hundruði ára.

Það er einstök upplifun að koma til Krakow sem lætur engan ósnortinn en þar má finna glæsibyggingar og minnismerk frá fyrri öldum, m.a. fjórðung af öllum safngripum pólsku þjóðarinnar. í Krakow er úrval af frábærum veitingastöðum með hagstætt verð.

Þar má finna flottar verslunar-miðstöðvar með mun ódýrari verð en við eigum að venjast. Þá bjóðum við uppá spennandi skoðunarferðir.

Verð per mann í 2ja manna herbergi  
**167.800 KR**

**Innihaldið:**  
Flug og taska  
Hótel með morgunmat  
Ríttá frá flugvelli  
Íslenskur farastjóri

Trans - Atlantic  
Sími 588 8900

Upplýsingar í síma 588 8900  
email info@transatlantic.is

www.transatlantic.is

**Sveitarfélagið HORNAFJÖRDUR**

**Óskað er eftir þroskaþjálfá / sérkennara/kennara við Grunnskóla Hornafjarðar**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- ✓ Vinnur náð með aðstoðarskólástjórnum á yngra og unglingastigi
- ✓ Vinnur með kennurum skólans að einstaklingsnámskrám
- ✓ Gerir kennsluáætlanir í samstarfi við úmsjónarkennara og sérgreina kennara
- ✓ Kennir nemendum fæmi daglegs lífs og aðlagar námsferni
- ✓ Skipuleggur stundaskrár og aðlagar námsumhverfi nemenda
- ✓ Situr í teyrum eftir því sem við á
- ✓ Er í nánu samstarfi við foreldra
- ✓ Er faglegur leiðtogi í kennsluáðferðum nemenda með frávik
- ✓ Sinnir félagsfærnifræðslu með hópum eða einstaklingum
- ✓ Önnur verkefni sem falla til

**Hæfnikröfur:**

- ✓ Umsækjandi skal hafa tilskylda menntun og leyfisbréf þroskaþjálfá/sérkennara/kennara.
- ✓ Reynslu af vinnu með börnum með frávik
- ✓ Þekkingu á kennsluáðferðum barna með fjölbreyttan vanda
- ✓ Þekkingu á fjölbreyttum einstaklingsnámskrám
- ✓ Þekkingur á skipulagi grunnskólans og stundatöflugerð.
- ✓ Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- ✓ Færni í mannlegum samskiptum
- ✓ Sýni umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum
- ✓ Hafi frumkvæði sé lausnamiðaður og hafi skipulagshæfileika
- ✓ Stundvísi
- ✓ Þekking á almennri tölvukunnáttu
- ✓ Gott vald á íslensku

Um er að ræða fullt starf. Umsækjandi þarf að geta hafið störf í janúar. Launakjör samkvæmt kjarasamningi LS og KÍ eða annarra félaga. Umsóknunum um stöður skal skilað skriflega til skólustjóra fyrir 20. desember n.k. með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur.

I Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en 7. – 10. bekkur í hinu. Unnið er eftir hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænánaskóli og heilsueflandi skóli. Lögð er áhersla á teymisvinnu og innleiðingu fjölbreyttra kennsluhátta m.a. leiðsagnamáms. I Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel stätt og þar er blómlegt mannlíf.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

**Sveitarfélagið HORNAFJÖRDUR**

**Grunnskóli Hornafjarðar – laus störf**

**Kátakot – lengd viðvera - frístundaleiðbeinandi**

Starf í Kátakoti lengdri viðvera en um er að ræða 37,25% starf til frambúðar. vinnutíminn er frá kl. 13:00 – 16:00. Þarf að geta hafið störf í janúar.

**Tímabundið starf stuðningsfulltrúa**

Stuðningsfulltrúa vantar tímabundið í fullt starf eða fram til 1. júní 2024. Auk þess sinnir stuðningsfulltrúi gæslu í Kátakoti. Vinnutími er frá 8:00-16:00. Þarf að geta hafið störf í janúar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- ✓ Vinnur með starfsfólki Kátakots og aðstoðarskólustjóra og kennurum á yngra stigi
- ✓ Tekur þátt í skipulagi dagsins
- ✓ Sinnir gæslu úti og inni
- ✓ Sendir nemendur í tómsundur
- ✓ Heldur utan um kaffítíma nemenda ásamt öðru starfsfólki
- ✓ Leikur sér við nemendur
- ✓ Kennir félagsleg samskipti
- ✓ Önnur verkefni sem falla til

**Hæfnikröfur:**

- ✓ Vera lipur í samskiptum,
- ✓ Sýna frumkvæði og vera lausnamiðaður
- ✓ Sýna umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika
- ✓ Geta hlustað á samstarfsmenn og nemendur
- ✓ Stundvísi

Umsóknunum um stöður skal skilað skriflega til skólustjóra fyrir 15. desember n.k. með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmæli. Nánari upplýsingar veitir Kristín G Gestsdóttir skólustjóri í síma 470 8400 – 8986701 [kristinge@hornafjordur.is](mailto:kristinge@hornafjordur.is).

I Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en 7. – 10. bekkur í hinu. I skólanum er áhersla á leiðsagnarmám, list- og verkgræinakenndu um leið og unnið er að bættum árangri í bóklegum greinum. Unnið er eftir hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænánaskóli og heilsueflandi skóli. I Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel stätt og þar er blómlegt mannlíf.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is